

Stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði mánudaginn 17. mars 2014 kl. 17:00

Fundur númer 736

1. Bjarnveig setti fund kl. 17:00

Mættir eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn.

2. Farið yfir fundargerð síðasta fundar sem er samþykkt af fundarmönnum.

3 Innsend bréf.

Bréf dagsett 10. febrúar frá BSÍ umfjöllunarefni skýrslur aðildarfélaganna innan BSÍ. Bréf dagsett 10. febrúar - boð á Ársþing Badminton sambands Íslands, 30. apríl 2014

- i. Fulltrúafjöldi
- ii. Kjörbréf
- iii. Lög BSÍ

Bréf dagsett 19. febrúar, frá UMFÍ er varðar verkefnið Fjölskyldan á fjallið 2014. Ákveðið að Þorsteinn kanni samstaf við Umf. Samherja varðandi verkefnið.

Bréf dagsett 27. febrúar, frá UMFÍ, vegna Starfsíþróttatþings 2014. Samþykkt að óska eftir starfskröftum Jóhönnu Gunnlaugsdóttur; að hún hafi umsjón með verkefninu eins og undanfarin ár.

Bréf dagsett 28. febrúar, frá UMFÍ. Staðfest að Þrastalundur hefur verið seldur.

Bréf dagsett 28. febrúar, frá UMFÍ. Auglýst eftir umsóknum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd á 6. Landsmóti UMFÍ 50+

Bréf dagsett 28. febrúar, frá UMFÍ. Auglýst eftir umsóknum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd á 20. Unglingalandsmóti UMFÍ. Ákveðið að leggja áherslu á að fá landsmótið til Dalvíkur 2017 en þá verða liðin 25 ár frá fyrsta unglíngalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Dalvík. UMSE vinnur að því að sækja um mótið í samstarfi við Dalvíkurbyggð.

Bréf dagsett 10. mars, frá Dalvíkurbyggð. Valdís Guðbrandsdóttir og Gísli Rúnar íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar eru fulltrúar Dalvíkurbyggðar á ársþingi UMSE.

Bréf dagsett 13. mars, frá ÍSÍ: Umsókn Grjótglímufélagsins og álit Laganefndar ÍSÍ.

4 Ársþingið

a. Þinggerðin. Afgreiðslu frestað.

Farið yfir tillögur sem bornar voru upp á ársþingi UMSE. Samþykkt að senda tillögurnar út til aðildarfélaga. Rætt um fyrirkomulag vegna kosningar á íþróttamanni ársins. Ákveðið að Þorsteinn og Bjarnveig hittist og fari yfir fyrirhugaða stefnumótun UMSE. Rætt um endurskoðun hvað varðar greiðslur til iðkenda og að sundurliða þurfi kostnað keppenda vegna frjálsíþróttamóta annarsvegar og kostnað sem UMSE greiðir vegna frjálsíþróttamóta hinsvegar,

b. Mæting

Mæting á 93. ársþing UMSE haldið að Rimum í Svarfaðardal, fimmtudaginn 13. mars sl. var með miklum ágætum. 44 fulltrúar frá 11 af 13 aðildarfélögum voru mættir, 36 kjörbréf af 45 skiluðu sér á þingið. Hestamannafélagið Þráinn og Grjótglímufélag Dalvíkur mættu ekki með fulltrúa á ársþing UMSE.

Kostnaður liggur ekki endanlega fyrir:

1. Leiga: 14.500
2. Kaffi: ca 90.000
3. Annað: blóm 6.230

5. Fundartími stjórnar ákveðinn fyrsti fimmtudagur í hverjum mánuði kl: 18:00
6. Önnur mál. Rætt um að efla tengsl við aðildarfélögin. Hugsanlega að tengja saman stjórnarfundum og fundum aðildarfélaga. Rætt um að einn til tveir stjórnarmenn gætu heimsótt aðildarfélögin.
Edda Kamilla er fulltrúi stjórnar í landsmótssjóði UMSE 2009. Þorgerður tekur að sér að skoða nýja utanyfirgalla fyrri iðkendur UMSE.
7. Tilhögun næsta fundar fimmtudaginn 3 apríl nk. kl. 18:00 í Búgarði. Bjarnveig kemur með veitingar.
8. Fundarslit, Bjarnveig slítur fundi kl 18:50

Sigrún Finnsdóttir ritari